

**43**  
31. des.  
1925

- opinbers máls á hendur honum fyrir verk, sem er svívirðilegt að almenningsáliti, fyr en hann hefir verið sýknaður með dómi.
5. Sannar, að hann hafi þá þekkingu á bókhaldi og vörum, sem telja má nauðsynlega til að reka verslun, en til þess útheimtist, að hann:
- a. hafi lokið námi við verslunarskóla, sem atvinnumálaráðuneytið telur fullnægjandi,
  - b. hafi lokið gagnfræðaprófi, eða
  - c. hafi notið verklegra æfinga að minsta kosti í þrjú ár sem verslunarmaður.
- Fyrirmæli þessa töluliðs taka ekki til sveitaverslana og að því er annan verslunarrekstur snertir, getur atvinnumálaráðuneytið veitt undanþágu frá ákvæðum liðsins, þegar sjerstaklega stendur á.
6. Fullnægir að öðru leyti þeim skilyrðum, sem eru sett eða sett kunna að verða í lögum til þess að mega reka verslun.

Þeir, sem fengið hafa verslunarleyfi á tímabilinu 1. júlí til 31. des. þ. á., geta fengið nýtt leyfisbrjef útgefið af lögreglustjóra, án þess að greiða gjöld þau, sem ákveðin eru í tjeðum lögum fyrir slík leyfi og með sama gildi til verslunarrekstrar, sem þau höfðu eftir hinum eldri lögum.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 31. des. 1925.*

**Magnús Guðmundsson.**

*Vígfús Einarsson.*

**44**  
23. mars

## REGLUGJÖRÐ

um

**rekstur h.f. „Útvarp“.**

1. gr.

Sjerleyfið má á engan hátt teifa fyrir útbreiðslu á sviði útvarps í landinu, og er því gert ráð fyrir að fjelagið, ef ástæða þykir til og efni leyfa, byggi fleiri útvarpsstöðvar í landinu.

2. gr.

Enginn má setja upp og nota viðtökutæki fyrir loftskyeiti eða útvarp nema með leyfi landssímastjóra. Ekki má heldur selja móttökutæki eða efni í þau öðrum en þeim, sem leyfi hafa fengið hjá landssímastjóra.

## 3. gr.

44

23. mars

Enginn má flytja inn frá útlöndum móttökutæki eða hluta af þeim nje selja móttökutæki, sem hægt er að nota til þess að taka á móti útvarpi frá stöðvum sjerleyfishafa, nema sá, er fengið hefir sjerstakt leyfi landssímastjóra til þess, og skal slíkt leyfisbrjef hanga frammi í sölubúð leyfishafa á þeim stað, er almenningur á hægt með að sjá það. Þeir, sem slíkt söluleyfi hafa, eru skyldir að greiða sjerleyfishafa 85 króna gjald af hverju viðtökutæki, sem þeir selja.

Heimilt er mönnum að smíða sjálfir, eða setja saman móttökutæki sín, en efni til þess verða þeir að kaupa í löggiltum sölustöðum. Enginn má selja efni í loftskeytataeki, nema hann hafi fengið leyfi samkvæmt 2. gr. Ekki má heldur selja heil viðtökutæki öðrum en þeim, er hafa leyfi það, er um getur í sömu grein.

## 4. gr.

Efni í heimagerð tæki mega þeir einir selja, er hafa söluleyfi það, er um getur í 3. gr., og skulu þeir gjalda leyfishafa eftirfarandi gjald af áhaldahlutum:

Fyrir hvern breytilegan þjetti .....	kr. 5,00
“ hvern óbreytilegan þjetti .....	— 1,00
“ hvern krystal detector .....	— 2,00
“ hvert lampaviðnám .....	— 2,00
“ hvert spönukefli .....	— 2,00
“ hvert „variometer“ .....	— 2,00
“ hverja lampahöldu .....	— 2,00
“ hvern spennni .....	— 5,00
“ hvern móttökulampa .....	— 2,00
“ hvert heyrnartól .....	— 5,00
“ gjallhorn (loud speaker) eða samskonar tæki 20% af útsöluverði þeirra.	

Af rafgeymum, rafvökum, einangrum eða vír skal eigi greiða neitt gjald. Landssímastjóri ákveður, hvaða áhaldahlutir skuli gjaldskyldir.

## 5. gr.

Fyrir gjaldi því, er ræðir um í 3. og 4. gr., skal seljandi hver gera sjerleyfishafa skil mánaðarlega, og getur sjerleyfishafi krafist tryggingar af seljanda fyrir gjaldinu.

Þeir, sem nú hafa á hendi sölu viðtökutækja eða efnis í þau, eru skyldir að gefa sjerleyfishafa tafarlaust skýrslu um birgðir sínar að viðlögðu drengskaparorði um að rjett sje fram talið. Sjerleyfishafi lætur merkja birgðirnar eftir ósk eiganda gegn greiðslu stofngjalds eða tryggingar fyrir því, að það verði greitt við sölu.

Þeir, sem til þessa hafa selt móttökutæki eða efni í þau, eru skyldir til

44 þess eftir fremsta megni og að viðlögðum drengskap að gefa útvarpsfjelag-  
23. mars inu upplýsingar um nöfn og heimilisfang þeirra manna, er keypt hafa af þeim tækin.

#### 6. gr.

Öll þau áhöld, sem talin eru í 3. gr. svo og áhaldahlutir þeir, sem um ræðir í 4. gr., skulu bera á sjer merki sjerleyfishafa, er lítur þannig út:

H/F ÚTVARP. STOFNGJALD GREITT og lætur sjerleyfishafi setja það á vörurnar, er þær koma hingað til landsins, enda sjeu innflytjendur skyldir að tilkynna sjerleyfishafa er þeir fá móttökutæki eða efni í þau. Bannað er því að selja eða nota önnur tæki en þau, er bera þetta merki.

#### 7. gr.

Útvarpsfjelaginu er heimilt að krefja sjerhvern þann, er á eða hefir viðtökutæki, ef unt er að hafa samband við stöð sjerleyfishafa með því, um afnotagjald er nemur kr. 12,50 fyrir hvert viðtökutæki fyrir hverja 3 mánuði í senn og greiðist gjald þetta fyrirfram.

Nú vanrækir handhafi viðtökutækisins að greiða afnotagjald, sem fallið er í gjalddaga, og má þá taka viðtökutækið niður hjá honum, eða gera það ónothæft uns gjaldið er greitt, enda sje tækið sem trygging fyrir gjaldinu og má því ekki veðsetja það nje nje gjöra lögtak eða fjárnám í því án leyfis sjerleyfishafa. Gjald þetta er miðað við að þátttakendur verði 1000 eða færri. Verði þátttakendur fleiri en 1000 getur ríkisstjórnin ákveðið hámark afnotagjaldsins á ný, sbr. 10. gr. sjerleyfisins.

#### 8. gr.

Ef landssímastjóra þykir ástæða til, getur hann bannað að selja eða nota til móttöku tæki sem eru þannig gerð, að hætta geti verið á að framleiða sveiflur út í loftnetshringrásina, er valdi truflunum í nágrannatakjunum.

#### 9. gr.

Kaffihús, kvikmyndahús og aðrir opinberir staðir skulu auk hins venjulega gjalds greiða aukagjald eftir samningi við sjerleyfishafa. Rísi ágreiningur milli aðila um gjaldið, skal það lagt undir úrskurð ríkisstjórnarinnar.

#### 10. gr.

Heimilt er sjerleyfishafa að leigja mönnum afnot útvarpsins til birtinga eða ávarps, og taka gjald fyrir sbr. 7. gr. sjerleyfisbrjefsins.

#### 11. gr.

Eftirlitsmönnum sjerleyfishafa skal jafnan vera heimill aðgangur að öllum móttökutækjum til þess að athuga þau, hvenær sem sjerleyfishafi óskar að láta slíka skoðun fara fram,

## 12. gr.

44

23. mars

Nú hefir einhver komið sjer upp viðtökutæki fyrir útvarp, áður en reglugjörð þessi gengur í gildi og skal hann þá greiða sjerleyfishafa stofngjald af því tæki svo sem segir í 3. gr., ef hann óskar að nota það framvegis og er tækið til tyggingar stofngjaldinu. Óski hann ekki að nota það framvegis skal hann láta hreppstjóra eða lögreglustjóra innsigla það þannig, að það sje ónot hæft og tilkynna útvarpsfjelaginu það.

## 13. gr.

Ef nauðsynlegt verður að breyta tilhögun stöðvarinnar (bylgjulengd o. fl.) vegna alþjóðaákvæðana skal breytingin framkvæmd á kostnað fjelagsins.

## 14. gr.

Útvarpa skal að minsta kosti  $1\frac{1}{2}$  klukkustund á dag að meðaltali, alt að  $\frac{1}{2}$  stund árdegis og tvær  $\frac{1}{2}$  stundir síðdegis, fræðandi og skemtandi efni. Samgöngumálaráðuneytið áskilur sjer rjett til þess að krefjast 3 eða 5 manna nefnd sje sett til þess að velja það, sem út er varpað, og er heimilt að tilnefna 1 af 3 eða 2 af 5 í nefnd þessa.

## 15. gr.

Samgöngumálaráðuneytið áskilur sjer rjett til að nota útvarpsstöðina í sínar þarfir þegar um símslit, bilun loftskeytastöðva o. þ. h. er að ræða, og skal greiða fjelaginu þóknun, er miðast við reksturskostnað stöðvarinnar, en ekki ágóðatap. Þó skal hin reglubundna starfsemi útvarpsstöðvarinnar sem minst tafin.

## 16. gr.

Ólöglegur innflutningur á viðtökutækjum eða hlutum af þeim varðar sektum frá 25—1000 krónum og skal sá, er inn flytur, auk þess greiða stofngjald af hinum ólöglega innfluttu tækjum.

Sala viðtökutækja eða efnis í þau í atvinnuskyni af hendi þeirra, sem ekki hafa söluleyfi, varðar sektum frá 250—1000 krónum. Auk þess skal greitt stofngjald af hinum ólöglega seldu tækjum.

Sala viðtökutækja eða efnis í þau af hendi þeirra, er söluleyfi hafa til manna, er eigi hafa fengið leyfi landssímastjóra, varðar sektum frá 100—1000 kr.

Nú selur maður viðtökutæki eða hluta af því, án þess að það beri með

**44** sjer að stofngjald hafi verið greitt og án þess að það hafi raunverulegt verið  
**23. mars** greitt, og varðar það þá sektum frá 250—2000 krónur nema þyngri refsing  
 liggi við eftir öðrum lögum. Auk þess ber honum að greiða stofngjald af tækj-  
 um þeim, sem sannað er að hann hafi selt ólöglega.

Nú kaupir maður viðtökutæki eða efni í það og ber það ekki með sjer, að stofngjald hafi verið greitt, varðar það sektum frá 5—500 krónum og skal hann skyldur til að greiða stofngjald af tækinu eða efninu.

Nú kemur það í ljós eftir 3 mánuði frá útkomu reglugjörðar þessarar að menn eiga eða nota viðtökutæki án þess að hafa fengið leyfi landssímastjóra til þess og án þess að greiða af því stofngjald og skulu þeir þá sæta sektum frá 25—1000 krónum. Auk þess skulu þeir skyldir að greiða sjerleyfishafa stofngjald.

Sektir út af brotum á reglugjörð þessari renna í ríkissjóð og skulu mál útaf brotum gegn henni rekin sem opinber lögreglumál.

#### 17. gr.

Samgöngumálaráðuneytið úrskurðar, að svo miklu leyti, sem ekki er öðruvísi ákveðið, til fullnaðar ágreining, sem rísa kann útaf skilningi á reglugjörð þessari eða sjerleyfi því, sem hún er byggð á, og má ekki bera þann ágreining undir dómstólana.

#### 18. gr.

Reglugjörð þessi öðlast þegar gildi. Sjerleyfishafi er þó fyrst um sinn, þar til samgöngumálaráðuneytið ákveður annað, aðeins skyldur til þess að útvarpa daglega ½ klst. Afnotagjalds má krefjast frá 1. apríl þ. á.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 23. mars 1926.*

Magnús Guðmundsson.

*Vigfús Einarsson.*